

Fundargerð

29. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 26. október 2012 kl. 11:00 að Borgartúni 12 – 14

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason, Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Sveitarfélagið Álftanes:

Kristinn Guðlaugsson og Guðmundur G. Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Oddur Víðisson

Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sat fundinn í upphafi fundar, Haraldur Sigurðsson verkefnisstjóri á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar, Bjarki Jóhannesson skipulagsstjóri Hafnarfjarðar, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar og Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. SSH- svæðisskipulagsstjóri

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH gerði grein fyrir ráðningu svæðisskipulagsstjóra á skrifstofu SSH Hrafnkels Á. Proppé, skipulagsfræðings.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með ráðningu Hrafnkels.

Formaður óskaði eftir því að varaformaður, Sigríður Björk Jónsdóttir tæki við fundarstjórn vegna 3. liðar á dagskrá fundarins.

Sigríður Björk tók við fundarstjórn.

3. Erindi Reykjavíkurborgar; „Tillaga að svæðisskipulagsbreytingu vegna Holtsganga – NLSH“

Málinu var frestað á síðasta fundi og óskað umsagnar fagráðs.

Bjarki Jóhannesson skipulagsstjóri Hafnarfjarðar mætti fyrir hönd fagráðs og gerði grein fyrir

niðurstöðu þess. „Álitsgerð vegna tillagna um niðurfellingu Holtsganga og aukið byggingarmagn á reit 5 (Landspítalalóð m.m.) í svæðisskipulagi“

en þar segir m.a. *Það er álit fagráðs að talsvert skorti á að raunhæfni Holtsganga hafi verið metin til fullnustu á sínum tíma og að allt bendi nú til þess að gagnsemi þeirra sé lítil og í engu samhengi við tilkostnaðinn. Ráðið telur það því vera eðlilegt skref að fella þau út úr svæðis- og aðalskipulagi.*

Varðandi breytingar á byggingamagni segir „*Fagráðið telur því einsýnt að þessi tiltekna breyting á svæðisskipulaginu sem slík muni ekki hafa óæskileg áhrif á umferð á stofnbrautakerfinu*“.

Umræður

Nokkrar umræður urðu um málið og staðsetningu spítalans.

Niðurstaða:

Meirihluti svæðisskipulagsnefndar samþykkti að leggja tillöguna fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar samkv. 23 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Erindi Garðabæjar – Tillaga að friðlýsingum Búrfells og Búrfellshrauna – Kynning.

Málinu var frestað til næsta fundar svæðisskipulagsnefndar þann 30. nóvember 2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30